

# Að hætta í vinnunni vegna heyrnarskerðingar

Ellisif Katrín Björnsdóttir skrifar um stöðu heyrnarskertra á vinnumarkaði

RANNSÓKNIR sýna að heyrnarskerktum fjölgar hlutfallslega og nú er svo komið að 16% Evrópubúa á aldrinum 18 til 80 ára eru heyrnarskert. Margt bendir til þess að fjölgunin stafi af vaxandi hávaða í umhverfi okkar og einnig af hækkandi meðalaldri fólks.

Íðulega er því haldið fram að heyrnarskerðingu sé oftast hægt að lækna. En því miður er hún ólæknanleg í um 90% tilvika. Skemmd í innra eyra, sem stafar oft af hávaða, lagast ekki aftur. Þegar hin örfinu skynhár í innra eyranu eru einu sinni skemmd verða þau það til frambúðar. Skemmdina er ekki hægt að lækna og hárin vaxa ekki aftur. Það má ekki gefa

fólki falskar vonir um að lækna megji tapaða heyrn. Unglingar, sem eru að skemma heyrnina með allt of hátt stilltum vasaspilurum, á rokktonleikum eða með ærandi hávaða úr hljómflytningstækjum, mega ekki standa í þeirri trú að þeir geti fengið heyrnina aftur ef hún tapast.

## Heyrnarskertir hætta í vinnunni

Eldra fólk er oft mjög nýtur starfskraftur og þeim fjölgar sem búa við sveigjanlegan eftirlaunaaldur. Athyglisæfni fólks má bæta með betri sjón og heyrn. En það þarf meira til að bæta heyrnartap en að skola úr eyrunum. Þegar sjónin sljógast fá menn sér gleraugu en aðeins lítil hluti þeirra, sem eru með skerta heyrn, notar heyrnartæki.

Samkvæmt niðurstöðu úr viðamikilli könnun, sem danska rannsóknarstofnunin í félagsfræði (Socialforskningsinstituttet) gerði, eru tengsl heyrnarskertra við

» Heyrnarskerðing er í flestum tilvikum óafturkræf.

vinnumarkaðinn veikari en tengsl annarra. Það eru meiri líkur á að þeir verði atvinnulausir, fari á eftirlaun eða örorkubætur sem er kostnaðarsamt fyrir þjóðfélagið. Sé þessi kostnaður umreiknaður á íslenska þjóðfélagið er hann 1,5 til 2 milljarða á ári vegna framleiðslutaps.

Bæði þeir heyrnarskertur og þeir sem hafa fulla heyrn eru álíka ánægðir með vinnuna en þeir heyrnarskertur finna oftast fyrir lélegu sambandi við vinnufélagana. Þeir eru ekki jafn ánægðir með andann á vinnustaðnum og þeir eru þreyttari í lok vinnudags. Heyrnarskertir á eftirlaunum eða örorkubótum hafa ekki sömu afstöðu og aðrir til vinnunnar og þeir áttu auðveldara með að draga sig í hlé og hætta að vinna.

## Óþekktur vandi með óbein áhrif

Aðeins örfáir af þeim, sem tóku þátt í fyrrnefndri könnun, gáfu það í skyn að heyrnarvandi skipti máli í vinnunni. Í mörgum tilvikum virðast áhrif heyrnarskerðingar vera ómeðvituð. Menn vita ekki af henni og þá grunar ekki að þreyta í lok vinnudags og kulnun í starfi geti verið heyrninni að kenna.

Heyrnarskerðing er lúmsk, maður getur heyrt þrátt fyrir hana en hljóðrófið heyrir ekki allt. Skerðing á hátíðnihljóðum talmáls, s.s. „s“, rýrir talskilning.

Fyrir þann, sem hefur grun um að vera heyrnarskertur, er fyrsta skrefið að fara í greiningu hjá heyrnarfræðingi eða háls-, nef- og eyrnalækni. Ef í ljós kemur leiðni-heyrnarskerðing, sem er um 10% tilvika, má trúlega lækna hana með lyfjum eða aðgerð en í boði eru fjölmargar gerðir heyrnartækja til að bæta úr heyrnarskerðingu.



Ellisif Katrín Björnsdóttir

## Heyrnartæki jafn sjálfsögð og gleraugu

Á örfáum árum hafa heyrnartæki þróast og batnað mjög mikið. Þau eru smágerð og lítið áberandi. Með stafrænni tækni er hljóðmeðhöndlun tækjanna sniðin til og látin falla að heyrnarriti og hljóðumhverfi notandans. Tækin magna aðeins þann hluta hljóðrófsins sem hefur skerst. Þau sía einnig burtu sbyljuhljóð og læra að þekkja þær aðstæður sem notandinn er oftast í. Heyrnartæki geta verið einföld og þægileg í notkun. Ef tenging við eyra er með opinni hljóðkeilu þá getur notandinn sett tækið upp strax eftir að heyrnarfræðingurinn hefur sniðið virkni þess til og það eina sem þarf að gera er að kveikja á því. Tölvun í tækinu sér um allt. Það eru engir takkar eða fjarstýring og ef það er með hlaðanlegri rafhlöðu þarf aðeins að skipta um hana í mesta lagi einu sinni á ári.

Ljóst er að fyrirtæki gætu haft akk af því að hvetja og styrkja starfsmenn til að fara í heyrnargreiningu.

Sá sem leitar hjálpar við heyrnarskerðingu gefur sér, fjölskyldu sinni og starfsfélögum veglega gjöf þegar þeim finnst ekki lengur erfitt að tala við hann.

Höfundur er heyrnarfræðingur hjá Heyrn ehf. ellisif@heyrn.is

8. sept. 2007

Heimildir:

1) Vibeke Tornhøj Christensen, 2006. Uhørt?

Betydningen af nedsat hørelse for arbejdsmarkeds-tilknytning og arbejdsliv.

<http://www.sfi.dk/s/w43338.asp>

2)

<http://www.press.h ear-it.org/>

One in six suffering from hearing loss, 2007.